

Stjórnarbrjef og auglýsingar.

7. jan.

— Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um varðkostnað. — Með brjefi 8. nóvbr. f. á. hefir sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu sent hingað brjef frá sýslunefndinni þar, þar sem hún leggur það undir úrskurð landshöfðingja:

1. hvort rjett hafi verið af amtsráðinu í suðuramtinu, að neita um styrk af jafnaðarsjóði til varðar þess, sem með samþykki amtsins og eptir ráðstöfun lögreglustjórans í fjárkláðamálinu sumarið 1876 var skipaður með fram Brúará og Hvítá í Árnessýslu.
2. hvort ekki hefði verið ástæða til að jafna kostnaðinum af verðinum, að því leyti honum hafi verið jafnað á heilbrigð hjeruð, einnig á Vestur-Skaptafellssýslu.

Jeg hofi meðtekið þóknanlegt álit yðar um þetta, herra amtmaður, í brjefi frá 15. f. m., og læt yður nú þjónustusamlega tjáð það, er nú skal greina, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigendum.

Vörður sá, er hjer ræðir um, var skipaður með samþykki yðar, herra amtmaður, eptir uppástungu, er samþykkt hafði verið á fundi að Herriðarhóli 30. marz 1876, og hafði fundurinn falið hinum setta lögreglustjóra að leita samþykkis amtmanns til þess, að vörðurinn væri settur, og fjárveitingar amtsráðsins til hans. Hinn 8. apríl s. á. ritaði lögreglustjórinn 2 bónarbrjef um þetta, annað amtmanninum, og hitt amtsráðinu, og var því síður ástæða til fyrir amtmann að veita styrk til varðarins samkvæmt 5. gr. í tilsk. 4. marz 1871, sem amtsráðinu var rituð sjerstök beiðni um hann, en það synjaði eptir atvikum með öllu um styrk úr jafnaðarsjóði til þessa varðar.

Með því að tilsk. 4. marz 1871, 5. gr., eigi mælir svo fyrir, að greiða *skuli* tillag úr jafnaðarsjóði til varða þeirra, er þar ræðir um, heldur leyfir það að eins, *ef kringumstæðurnar mæli með því*, verður eigi betur sjeð, en að amtsráðið hafi haft heimild til að synja um slíkt tillag í þetta sinn, er því virtust kringumstæðurnar eigi mæla með því — og þessi úrskurður amtsráðsins er fullnaðarúrslit á málinu eptir sveitarstjórnartilskipuninni frá 4. maí 1872.

Að því er snertir hina spurninguna frá sýslunefndinni, hvort eigi hefði átt að jafna varðkostnaðinum einnig á Vestur-Skaptafellssýslu, hafði hinn setti lögreglustjóri að vísu tekið fram í áminnztu brjefi sínu til amtsins, að það væri sanngjarnt að láta fjáreigendur í Vestur-Skaptafellssýslu taka þátt í umræddum kostnaði að hálfu á við fjáreigendur í Árnessýslu og Rangárvallasýslu; en með því að lög heimila eigi að jafna þessum kostnaði öðruvísi á suma en suma, og í annan stað gjöra berlega ráð fyrir, að amtmaður hafi að eins vald til að *leyfa* vörð eptir beiðni hlutaðeigandi fjáreigenda, mundi það að yðar álit, herra amtmaður, vera næsta óeðlilegt, er slík beiðni frá privátmönnum er lögákveðið skilyrði fyrir samþykki til varðarins, að fara þá að láta aðra fjáreigendur en fjáreigendurnar í þeim hjeruðum, sem hafa beðið um vörðinn, taka þátt í kostnaðinum. Nú með því að eigi kom nein beiðni um vörðinn frá fjáreigendum í Vestur-Skaptafellssýslu og enginn kom þaðan á fundinn að Herriðarhóli, og hafði þó sýslunefndinni í Vestur-Skaptafellssýslu verið send áskorun um að sækja fundinn, að því er lögreglustjórinn skýrir frá, hefir yður eigi þótt ástæða til að taka áminnzta beiðni til greina, og það því síður, sem þessi orð í niðurlagi 5. greinar í tilsk. 4. marz 1871: „í þeim sýslum, sem

Hinn 28. janúar 1878.

■ 7. jan. einkum og beinlínis á að tryggja með verðinum», gjöri það vafasamt, hvort fjáreigendum í Vestur- Skaptafellssýslu yrði skipað að taka þátt í kostnaðinum til hins umgetna varðar, sem fjáreigendum í austurhluta Árnessýslu og mestum hluta Rangárvallasýslu hafi að minnsta kosti verið miklu meiri trygging að heldur en fjáreigendum í Vestur- Skaptafellssýslu; og verði því naumast sagt, að nokkur sveit í þeirri sýslu hafi *beinlínis* tryggingu af verði með fram Brúará - Hvítá - Ölvesá.

Af ástæðum þeim, er þjer hafið tekið fram, herra amtmaður, og enn fremur af því, að ákvörðun sú, er hjer ræðir um, í niðurlagi 5. greinar í tilsk. 4. marz 1871, nefnir eigi berum orðum önnur tilfelli en þau, er verðir eru skipaðir á kostnað tveggja amta eða fleiri, og virðist þar með gjöra ráð fyrir, að þegar öðruvísi stendur á eigi fjáreigendur þeir, er beiðast leyfis amtmanns til að skipa vörðinn, að standa sjálfir straum af kostnaðinum til hans, að svo miklu leyti sem hann er eigi lagður á jafnaðarsjóðinn, verður að minni hyggju að kveða nei við því, sem sýslunefndin spyrst hjer fyrir um.

2 — 8. jan. *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um v a r ð k o s t n a ð.* — Jeg hefi meðtekið þóknanlegt álit yður, herra amtmaður, um umkvörtun þá, er sýslunefndin í Skagafjarðarsýslu hafði komið sjer saman um, út af úrskurði amtsins frá 10. oktbr. 1876 um niðurlögun á kostnaði til varðarins 1875, að því er snertir þann hluta kostnaðarins, er eigi hefir verið greiddur af hlutaðeigandi jafnaðarsjóðum, heldur á samkvæmt 5. grein í tilsk. 4. marz 1871 að greiðast af »fjáreigendunum í þeim sýslum, sem einkum og beinlínis á að tryggja með verðinum,» — og læt yður nú þjónustusamlega tjáð það er hjer segir, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigendum.

Á útdrætti þeim úr gjörðabók sýslunefndarinnar í Skagafjarðarsýslu, er mjer hefir sendur verið, má sjá, að umkvörtun sýslunefndarinnar er einkum byggð á því, að amtmaðurinn hefir undanþegið fjáreigendur í Eyjafjarðarsýslu og Þingeyjarsýslu frá því að taka þátt í kostnaði þeim, er hjer ræðir um, þar sem kærendurnir telja þessar sýslur standa í sjálfu sjer engu betur að vígi fyrir hættu þeirri, er vofi yfir Norðurlandi af hinum sunnlenzka fjárkláða, heldur en hinar tvær sýslurnar, er nær liggja kláðasvæðinu, og í annan stað af því, að tveir málsmetandi menn, er á fundi í Skagafirði hvöttu til að óeskja varðarins og sem áttu að hafa verið sendir af fundi, sem haldinn var á Akureyri, ljetu í ljósi í nafni Eyfirðinga og Þingeyinga, að þeim mundi eigi detta í hug að skorast undan að taka þátt í kostnaðinum. Hafið þjer, herra amtmaður, í þessu efni tekið fram, að umgetin orð í 5. gr. tilsk. 4. marz 1871: »þeim sýslum, er einkum og beinlínis á að tryggja», geti eigi í þessu tilfelli átt við um Eyjafjarðarsýslu og Þingeyjarsýslu, er tvær stórar sýslur, Húnavatnssýsla og Skagafjarðarsýsla, liggi á milli frá kláðasvæðinu og varðarins við Hvítá í Borgarfirði, og að orðin: »einkum og beinlínis» geti eigi samþýðzt þá skoðun, að öllu Norðurlandi eða landinu öllu standi jöfn hætta af útbreiðslu sýkinna úr suðuramtinu inn í eitt hinna næstu hjeræða í norðuramtinu eða vesturamtinu. Eptir álitu yðar, herra amtmaður, hefir áminnt lagagrein eigi að geyma neina heimild til að skylda fjáreigendur í Eyjafjarðarsýslu og Þingeyjarsýslu til að taka þátt í kostnaði þeim, er hjer ræðir um, og úr því þessu sje þannig varið, verði að álíta það þýðingarlaust, þótt einn eða tveir málsmetandi menn úr sýslum þessum eða fyrir þeirra hönd hafi látið í ljósi, að fjáreigendur í þessum sýslum mundu eigi skorast undan að taka þátt í kostnaðinum, því að það sje hvorttveggja, að slíkt hefði eigi orðið tekið í mál nema því að eins að þeim mætti að lögum leggja þá skyldu á herðar samkvæmt tilsk. 4. marz 1871, enda hafi menn